

Lestur í dagsins önn leikskólaaldur - Ráð til foreldra

Foreldrar og bernskulæsi

Foreldrar barna á leikskólaaldri geta gert ýmislegt til að auka líkurnar á því að lestrarnám þeirra verði farsælt. Rík málleg samskipti á heimilinu og lestur fyrir börnin veða þar þyngst.

Foreldrar barna sem verða snemma læs hafa jafnan lesið mikið fyrir þau og gefið sér tíma til að ræða efni bókana við þau. Aðgangur að bókum og rituðu máli á heimilinu er góður og börnin sjá foreldra sína nota ritmálið á margvíslegan hátt og njóta þess að lesa.

Bernskulæsi

Bernskulæsi vísar til lestrarhegðunar barns á leikskólaaldri, áður en formleg lestrarkennsla hefst. Ung börn byggja upp þekkingu sína í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfi sínu, ekki síst í gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn. Á þessum tíma í lífi barns eru ekki gerðar kröfur um læsissnám. Þar sem námsaðstæður eru á forsendum barnsins, afslappaðar og lausar við gagnrýni, opnast heimur læsis smátt og smátt.

Fjölskyldulæsi

Fjölskyldulæsi er hugtak sem notað er í samhengi um allar athafnir daglegs lífs sem fram fara á heimilinu eða á vegum fjölskyldunnar og tengjast læsi með einum eða öðrum hætti.

Í fjölskyldulæsi felst m.a. lestur bóka og hvers kyns texta en einnig ritun s.s. að skrifa minnismiða, fylgja uppskriftum og leiðbeiningum. Fjölskyldulæsi á einnig við um sögur sem heimilisfólk segir hvort öðru hvort sem það er í samræðum, með lestri eða ritun. Bókasafnsferðir eru gott dæmi um athafnir sem tilheyra fjölskyldulæsi.



Barnabækur og bernskulæsi

Barnabækur gegna grundvallarhlutverki fyrir málþroska og bernskulæsi og því er mjög mikilvægt að foreldrar lesi mikið fyrir börnin sín frá fyrstu tíð. Börn læra mikið, mest ómeðvitað, um mál og ritmál þegar lesið er fyrir þau og þannig síast inn vitneskja sem er nauðsynleg forsenda læsis.

Bækur fyrir börn á leikskólaaldri eru yfirleitt myndabækur. Fyrstu bækur barna eru oftast bendibækur. Þær eru lesnar fyrir börnin á þann hátt að sá sem les bendir á myndirnar og segir orðið yfir það sem á myndinni er og ræðir gjarnan um það við barnið. Smátt og smátt fer barnið svo að benda sjálf og reynir að segja orðið sem við á. Þarna fara fram mikilvægar samræður foreldris og barns á fyrsta og öðru ári. Í þessu er fólgin mikil málörvun. Orðaforði barnsins og málskilningur eykst og það lærir mikið um samtöl og málleg samskipti. Skemmtunin sem fylgir lestrarstundinni er líka mikilvæg.



Þegar barnið eldist og þroskast verða myndabækurnar flóknari og meira krefjandi. Það á bæði við um textann og samspil mynda og texta. Samspil mynda og texta síast inn í barnið þegar lesið er fyrir það og myndirnar um leið skoðaðar. Þetta er mikilvægt skref í þróun læsis, bæði á texta og myndir.

Effir því sem texti barnabókanna verður lengri og ítarlegri eykur hann orðaforða barnanna. Ástæðan er fyrst og fremst sú að í ritmáli er notaður miklu stærri orðaforði en talmál gefur tilefni til og í barnabókum koma orðin fyrir í samhengi sem auðveldar skilning á þeim.

Foreldrar eru fyrirmyndir og móta þann heimilsbrag sem börn þeirra alast upp við

- Lesið ykkur til áncægju sjálf þannig að barnið sjá, bækur, tímarit, dagblöð og texta á skjámiðlum
- Hafið bækur og annað lestrarefni sýnilegt á heimilinu
- Hafið barnabækur aðgengilegar fyrir barnið
- Farið reglulega með barnið á bókasafn og leyfið því að velja bækur til að taka með heim
- Gefið ykkur tíma til að ræða við börnin ykkar í dagsins önn. Hlustið vel á hvað þau hafa til málanna að leggja og hvetjið þau til að segja frá
- Leikið við barnið og ræðið við það um lesefnið og nefnið það
- Hafið rittföng aðgengileg fyrir barnið og leyfið barninu að skrifa, líka á tölvuna